

Fundargerð

24. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í D-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 18. október 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Helga Guðný Elíasdóttir verkefnastjóri FRÍ. Lóa Björk Hallsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 23. fundar staðfest. Engin afgreiðslumál til að staðfesta.

2. Afrekssjóður FRÍ

Rætt um afrekstefnu FRÍ og í kjölfarið gerði framkvæmdastjóri grein fyrir hugmyndum um Afrekssjóð FRÍ. Rætt um að breyta þarf hugsanlega lögum og setja fram reglugerð. Ákveðið að framkvæmdastjóri kynnti laganefnd óformlega málið, en málið fengi heildarkynningu og umræðu á formannafundinum haustið 2017. Rætt um úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ 2017.

3. Blönduð keppni kynja

Stjórn FRÍ samþykkir að heimila blandaða keppni kynja á öllum mótum, nema bikar- og meistaramótum. Blönduð keppni kynja er almennt heimil á mótum í samræmi við alþjóðlegar heimildir IAAF.

4. Nordic Development Center

Verkefnið kynnt. Um er að ræða þróunarverkefni. Samþykkt að senda fulltrúa FRÍ á fundinn sem haldinn verður í Kaupmannahöfn 21. nóvember 2017.

5. Formannafundur og uppskeruhátíð

Færa þarf formannafundinn 17.11 þar sem ÍSÍ er með formannafund sama dag. Ákveðið að uppskeruhátíðin og formannafundurinn verði 1.12 og hefjist með uppskeru kl. 15.00. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja fram drög að dagskrá beggja atriða á næsta stjórnarfundum, jafnframt sem þá skal liggja fyrir staðsetning fundarins.

6. Lög FRÍ – Breytingar IAAF og EAA

Framkvæmdastjóra falið að upplýsa laganefnd FRÍ að breytingar hafi átt sér stað á regluverki IAAF og EAA. Óskað eftir að laganefnd rýni breytingar með hliðsjón af lögum og reglum FRÍ.

7. Hlaupaverkefni FRÍ

Verkefnastjóri FRÍ gerði grein fyrir mælingarmannanámsskeiði og auknum fjölda mælingarmanna. Rætt um beiðnir vegna mælinga, ferlið. Rætt um sérstaka viðurkenningu FRÍ til handa mælingarmönnum til viðbótar við hina alþjóðlegu eftir námskeiðið. Rætt um frekara námskeiðahald tengt hlaupaverkefninu. Sagt frá að unnið sé að

götuhaupareglum. Langhaupanefnd FRÍ hefur verið virk í verkefnum og mun verða fundað með henni fljótlega vegna hugmynda í haupaverkefninu. Þá er fundur fyrirhugaður með haupahöldurum. Rætt um haupaverkefnið frá ýmsum hliðum. Verkefnastjóra FRÍ þakkað fyrir greinargóða yfirferð.

8. Önnur mál

- 1) Farið yfir innheimtumál og viðskiptastöðu aðildafélaga FRÍ.
- 2) Rætt um fund með borgarstjóra Reykjavíkur 19.10. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mæta til fundar og fara m.a. yfir mikilvægi þjóðarleikvangs frjálsíþróttanna í Laugardal.
- 3) Umræður um undirbúning vegna EM 2018 í Berlín. Fundarsería 25/10-28/10.
- 4) DNA kynnt og þróunarverkefni.
- 5) Sagt frá HM í ½ maraþoni í Valencia 2018.
- 6) Rætt um EM í Víðavangshlaupi 2017.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:30.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.